



Borgarráð

Reitur C við Kennaraháskóla Íslands - breyting kvaðar

Byggingasamvinnufélaginu Samtök aldraðra bsvf., kt. 580377-0339, Síðumúla 29, 108 Reykjavík var úthlutað lóð og byggingarrétti fyrir 60 íbúða fjölbýlishús á reit C við Kennaraháskóla Íslands þann 12. október sl. Í úthlutunarbréfinu var kveðið á um að leigjendur að íbúðum Félagsbústaða hf. skuli vera félagsmenn í samtökum aldraðra, greiða árgjöld til félagsins og fullnægja að öðru leyti sömu skilyrðum og félagsmenn samkvæmt samþykktum samtakanna hverju sinni. Einnig að Félagsbústöðum hf. skulu boðin kaup þriggja íbúða samhliða því að byggingarnefndarteikningar verða lagðar inn til byggingarfulltrúa.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að kvöðinni verði breytt með þeim hætti að skilyrði 12. gr. samþykktu samtakanna, sem lítur að forkaupsrétti samtaka aldraðra við endursölu og söluverð íbúðar við endursölu, gildi gagnvart Félagsbústöðum. Ennfremur að leigjendur Félagsbústaða skuli hafa náð 60 ára aldri og fullnægja að öðru leyti sömu skilyrðum og félagsmenn samkvæmt samþykktum samtakanna hverju sinni. Kaup íbúðanna skulu boðin Félagsbústöðum hf. samhliða samþykkt byggingarnefndarteikninga hjá byggingarfulltrúa.

Eftirfarandi kvöð var samþykkt á fundi borgarráðs þann 12. október sl.:

Kvöð er á lóðinni um að Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, hafi kauprétt að þremur íbúðum við fyrstu sölu Byggingasamvinnufélagsins samtaka aldraðra bsvf. á íbúðum í húsunum, á sama verði og selt verður til félagsmanna í samræmi við 12. gr. samþykktu samtakanna. Miðað er við að birt flatarmál íbúðanna skuli vera 40 m² – 60 m². *Kaup íbúðanna skulu boðin Félagsbústöðum hf. samhliða því að byggingarnefndarteikningar verða lagðar inn til byggingarfulltrúa . Félagsbústaðir hf. skulu svara innan 30 daga hvort kaupréttur þessi verði nýttur. Leigjendur að íbúðum Félagsbústaða hf. skulu vera félagsmenn í samtökum aldraðra, greiða árgjöld til félagsins og fullnægja að öðru leyti sömu skilyrðum og félagsmenn samkvæmt samþykktum samtakanna hverju sinni.*

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að breyta kvöðinni með eftirfarandi hætti:

Kvöð er á lóðinni um að Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, hafi kauprétt að þremur íbúðum við fyrstu sölu Byggingasamvinnufélagsins samtaka aldraðra bsvf. á íbúðum í húsunum, á sama verði og selt verður til félagsmanna í samræmi við 12. gr. samþykktu samtakanna. Miðað er við að birt flatarmál íbúðanna skuli vera 40 m² – 60 m². *Kaup íbúðanna skulu boðin Félagsbústöðum hf. samhliða samþykkt byggingarnefndarteikninga hjá byggingarfulltrúa. Félagsbústaðir hf. skulu svara innan 30 daga hvort kaupréttur þessi verði nýttur. Skilyrði 12. gr. samþykktu samtakanna, sem lítur að forkaupsrétti samtaka aldraðra við endursölu og söluverð íbúðar við endursölu, gildir gagnvart Félagsbústöðum.*

Leigjendur Félagsbústaða skulu hafa náð 60 ára aldri og fullnægja að öðru leyti sömu skilyrðum og félagsmenn samkvæmt samþykktum samtakanna hverju sinni.

Lóðarhafi hefur óskað eftir að kvöðinni verði breytt samkvæmt framangreindu og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar gerir ekki athugasemd við þá breytingu.

Hrólfur Jónsson